

Reynsla Finna – víti til að varast

Eftir Hannes Jónas Eðvarðsson

FYRIR hartnær 20 árum hófst samdráttur í finnsku efnahagslífi sem olli því að um 20% foreldra urðu atvinnulausir. Í heildina fann 80% fjárhagslega fyrir þessum þrengingum og um 20% þjóðarinnar varð illa úti.

Þeir sem héldu vinnunni þurftu að búa við verulega auknið vinnuálag, og 1/3 vinnandi feðra þurftu að vinna mikla yfirvinnu eða taka aukavinnu til að láta enda ná saman. Viðvarandi fjárhagsáhyggjur sköpuðust hjá foreldrum og margar fjölskyldur bjuggu við sult. Hjá sumum fjölskyldum var ástandið svo slæmt að eina máltíð barnanna var sú er þau fengu í skólanum, en það þýddi að þau borðuðu í hádeginu á föstudegi og síðan ekki fyrr en í hádeginu á mánudegi. Afleiðingar viðvarandi slæmrar stöðu voru í mörgum tilfellum geðræn vandamál hjá foreldrum, sér í lagi kvíði en að auki þunglyndi hjá konum. Karlar sýndu hins vegar æ meira framtaksleysi. Vandí milli hjóna jókst þar sem konur upplifðu aukinn fjandskap maka, meðan karlar töldu sig ekki fá jafn mikinn stuðning frá maka sínum og áður.

Jafnhliða þessu dró úr stuðningi við börn innan veggja heimilisins, þvingun og ósamstaða í uppeldi jókst. Kvíði foreldra hafði mikil áhrif á uppeldisáðstæður barna. Afleiðingarnar voru vel merkjanlegar í andlegri heilsu barna sem hrakaði. Þó að efnahagskreppunni hafi létt hjá Finnum þá hélt andlegri heilsu barna áfram að hraka og vilja rannsakendur fyrst og fremst meina að þar sé um að kenna aðgerðum stjórnvalda.

Strax 1993 fóru Finnar að sjá aukningu í geðrænum vanda barna sér í lagi einstaklinga á aldrinum 15-



Hannes Jónas Eðvarðsson

19 ára. Árin 1996-98 fór sama þróun að sjást hjá aldurshópnum 10-14 og 5-9 ára. Þessi þróun heldur áfram löngu eftir að efnahagskreppunni lýkur. Frá 1989 til 2003 hefur orðið 300% aukning í geðrænum vandamálum ungmenna á aldrinum 15-19 sem og í aldurshópnum 10-14 ára. Samhliða þessari þróun hefur kostnaður samfélagsins vegna stuð-

ings við börn og foreldra hækkað gríðarlega, sem dæmi má nefna að kostnaður 30.000 manna sveitarfélags hefur hækkað úr 2,7 milljónum evra 2001 í 7,1 milljón evra 2008.

Hvað veldur? Samkvæmt þeim sem rannsakað hafa kreppuna í Finnlandi og viðbrögð stjórnvalda má rekja núverandi ástand til samdráttar í þjónustu og stuðningi við börn. Jafnhliða því sem ástand inni á heimilunum versnaði, var verulega dregið úr þjónustu við börn í skólakerfinu. Bekkjardeildir voru stækkaðar að meðaltali um 40%. Efnisinnkaup til skólastarfs var skorið niður um 90%. Viðvera eftir skóla var skorin í burtu. Álag á kennara margfaldaðist og dró þar með úr getu þeirra til að sinna börnunum. Starfsþrot kennara jukust um 50%. Áhrif stækkunar bekkjardeilda skilvæði sér í því að verulega dró úr skilvirkni kennsla og einstaklingsbundin kennsla var óframkvæmanleg. Aukning ónáðis og hegðunarvanda, sér í lagi hjá stúlkum. Erfiðleikar í stjórnun bekkjardeilda og auknið stress bæði hjá kennurum og nemendum. Auk þess sem að hið opinbera dró úr þjónustu sinni við börn urðu foreldrar að draga úr útgjöldum. Greiddar tómtundir og íþróttir barnanna voru íðulega það fyrsta sem fellt var niður í aukalegum útgjöldum heimilisins.

Fyrir börnin þýddi kreppa Finna minnkað eftirlit fullorðinna, aukna

» Fyrir börnin þýddi kreppa Finna minnkað eftirlit fullorðinna, aukna ábyrgð á ástandi heimilisins, upplifun mikillar vanlíðunar heima fyrir, minna aðhald í skóla, lélegri menntun og auknið andlegt álag.

ábyrgð á ástandi heimilisins, upplifun mikillar vanlíðunar heima fyrir, minna aðhald í skóla, lélegri menntun og auknið andlegt álag. Umhverfi barna einkenndist af samskiptum við yfirkeyrt fullorðið fólk, hvort sem það var heima, í skóla eða leikskóla. Sökum eigin vanlíðunar urðu fullorðnir einstaklingar óaðgengilegir þegar eitthvað bjátaði á lífi barnanna; það sem meira er: þeir fullorðnu juku á óstöðuleika í uppvexti og höfðu þar með neikvæð áhrif á þroskaferil barnanna.

Erum við að feta í fótspor Finna? Ekki ber á öðru en að íslensk stjórnvöld og sveitarfélög séu að feta sömu slóð og Finnar. Daglega heyrir maður af því að verið er að stækka bekkjardeildir, miðar berast foreldrum þar sem óskað er eftir hráefni til að hægt sé að kenna skapandi handavinnu. Umræða um að ekki eigi að endurnýja ráðningu stundakennara eða lausráðinna. Jafnvel að leggja eigi niður tómtundaheimili skóla.

Þessar aðgerðir eru ekki til neins annars fallnar en að auka þjóðfélagslegan kostnað okkar til lengri tíma lítið og valda ótal börnum og foreldrum þeirra ómældum þjáningum. Andlegt heilbrigði barna okkar verður ekki metið til fjár. Ekkert foreldri vill þurfa að feta þau þungu spor sem liggja að geðheilbrigðiskerfinu með barnið sitt sér við hönd. Ekkert skiptir meira máli en að standa vörð um þroska og geðheilsu barna okkar. Því er það brýnt að íslensk stjórnvöld líti til reynslu Finna, læri af henni og forðist sömu mistök og þeir gerðu. Að hætta geðheilsu barna okkar er undir öllum kringumstæðum það sama og að halda aurnum en henda krónunni. Reynsla Finna kennir okkur að það að draga úr stoðþjónustu við börnin okkar mun koma okkur í koll. Stöndum vörð um börnin okkar og viðhöldum því ágæta kerfi sem við höfum byggt upp í kringum þau. Andleg heilbrigði er eitt það mikilvægasta sem nokkur einstaklingur býr við.

Höfundur er sálfræðingur og ráðgjafi hjá Geðhjálp.